

Landsyfirréttardómar 1912.

Mánudaginn 8. dag janúarmán.

Nr. 53/1911:

Einar M. Jónasson
gegn
Einari Arnórssyni.

D ó m u r:

Með því að fúgetagjörðir in forma um fjárnám það, sem áfrýjað er í þessu máli, hafa eigi verið lagðar fram fyrir yfirdóminn, eins og boðið er í N. L. 1—6—10 sbr. 1—5—13, ber að vísa málinu frá yfirdóminum, og skylda áfrýjanda eftir kröfu stefnda til að greiða honum málskostnað, sem ákveðst 10 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn Einar M. Jónasson greiði stefnda Einari Arnórssyni 10 kr. í málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.